

Umsögn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, um frumvarp til laga um um höfundalög (takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón- eða lestrarhömlun)

Alþjóðasamtök blindra og sjónskertra hafa um margra ára skeið barist fyrir fullu aðgengi blindra og sjónskertra að rituðu máli. Marrakessh sáttmálinn er afrakstur þeirra baráttu. Blindrafélagið fagnar því þessu frumvarpi sem felur í sér breytingar á höfundalögum til að uppfylla ákvæði Marrakessh samningsins og Marrakessh tilskipunarinnar. Með breytingunni er stigið mikilvægt skref í þá átt að skilgreina betur og skerpa á hlutverki og skyldum Hljóðbókasafnsins til samræmis við áþekkar stofnanir hinna Norðurlandanna. Afnot af eintökum aðildarríkja Marrakessh sáttmálans munu hafa mikla þýðingu fyrir lánþega safnsins og er óskandi breytinganna sé ekki langt að bíða. Á þetta sérstaklega við þegar um námsmenn með leshamlanir er að ræða, en Marrakessh sáttmálinn mun opna fyrir þeim aðgengi að námsefni sem að óbreyttu er þeim óaðgengilegt.

Blindrafélagið hefur um margra ára skeið gert kannanir meðal félagsmanna sinna um mikilvægi þeirra þjónustu sem þeim stendur til boða. Í öllum þessum könnunum hefur þjónusta Hljóðbókasafn Íslands skorað hæst sem mikilvægasta þjónustan.

Blindrafélagið telur reglur Marrakessh sáttmálans og Marrakessh tilskipunarinnar mikla réttarbót og að nauðsynlegt að tryggja að hægt verði að nálgast efni sem t.d. einvörðungu er gefið út á rafrænu formi eða sem hljóðrit, þ.e.a.s. þegar útgefinn texti liggur ekki til grundvalar.

Hljóðbókasafnið þjónustar afar ólíka hópa og eru sumir viðkvæmir fyrir breytingum, s.s. aldraðir, sjónskertir og blindir. Það er því mikilvægt að huga að því að ef setja á upp frekari öryggisráðstafanir, sem kveðið er á um til að koma í veg fyrir misnotkun, yfirskyggi ekki mikilvægi aðgengis í takt við reglur Marrakessh tilskipunarinnar. Viðkvæmustu hóparnir eiga erfitt með að skipta oft um notendanöfn og lykilorð eða að læra á nýja tækni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

19. gr. a. Í lið d er lagt til að orðalag verði: getur ekki á annan hátt, vegna líkamlegrar fötlunar **eða veikinda**, haldið á bók eða meðhöndlað hana eða náð sjónskerpu eða hreyft augun að því marki að viðunandi sé til að geta lesið.

Rök fyrir breytingunni: Hljóðbókasafnið lánar bækur með tímabundnum aðgangi til veikra einstaklinga, s.s. þeirra sem eru máttfarnir vegna meðferðar og/eða endurhæfingar.

19. gr. d. Í lið d er lagt til að orðinu blindralettri verði breytt í punktaletur.

Rök fyrir breytingunni: Þetta er til samræmis við aðra lagatexta sem Alþingi hefur samþykkt á undanförunum árum.

19. gr. e. Í lið e er lagt til að orðalag verði: geri viðeigandi ráðstafanir til þess að vinna gegn óheimilli eftirgerð eintaka á aðgengilegu formi eða því að þeim sé dreift, miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningi með óheimilum hætti.

Öryggisráðstafanir hamli þó ekki aðgengi til þeirra sem á þurfa að halda.

Rök fyrir breytingunni: Blindrafélagið tekur undir með Hljóðbókasafninu og bendir á að aldraðir, sjónskertir og blindir eigi sumir hverjir erfitt með tæknibreytingar og breytingar á aðgengi að safninu. Eins eru frekari öryggisráðstafanir en nú eru gerðar líklegar til að hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir safnið.

Blindrafélagið hvetur eindregið til þess að þetta frumvarp verði samþykkt með þeim smávægilegu athugasemdum sem félagið hefur lagt fram og að Marrekssh sáttmálinn verði staðfestur hið fyrsta. Athugasemdirnar eru efnislega samhljóða athugasemdum Hljóðbókasafns Íslands enda fara hagsmunir þessara aðila saman.

Reykjavík 29.10.2020.



Kristinn Halldór Einarsson
Framkvæmdastjóri Blindrafélagsins og
formaður samráðshóps forstjóra Hljóðbókasafns Íslands

Nefndarsvið Alþingis,
Allsherjar og menntamálanefnd,
b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

netfang. nefndarsvid@althingi.is.

Efni. Þingskjal 137 - 136 mál. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972 með síðari breytingum – takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón eða lestrarhömlun.

Vísað er til erindis Allsherjar og menntamálanefndar Alþingis sem sent var umbjóðanda mínum Félagi íslenskra bókaútgefenda þann 15.04.2020. Óskað var umsagnar frá félaginu um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972 eigi síðar en í dag þann 29.10.2020.

Undirrituðum hefur sem lögmanni Félags íslenskra bókaútgefenda verið falið að svara bréfinu. Upplýsa þarf að Heiðar Ingi Svansson formaður Félags íslenskra bókaútgefenda sendi Mennta - og menningarmálaráðuneytinu erindi þann 08.11.2019 er frumvarpið var í vinnslu eru þar gerðar meiri athugasemdir en skilja má af athugasemdum í 5. kafla greinargerðarinnar.

Fyrir liggur sú staðreynd að Félag íslenskra bókaútgefenda hefur í langan tíma haft áhyggjur af dreifingu útgefinna verka af hálfu Hljóðbókasafnsins og umfangi hennar sem félagið hefur talið vel umfram lagaheimildir 19. gr. laga 73/1972. Fyrir liggur enn frekar, að erfitt hefur verið að fá upplýsingar um heildarumfang útlánastarfseminnar og umfang útlána svokallaðra stórnotenda frá Hljóðbókasafninu þó óskað hafi verið eftir slíku með ópersónugreinanlegum hætti. Fyrir liggur það álit félagsins að misfarið hafi verið með undanþáguheimildir 19. gr. l. 73/1972 um langt skeið sem virðist einnig fá stoð í skýringum með frumvarpinu í umfjöllun um gildandi rétt en þar segir meðal annars;

.. Í II. kafla höfundalaga (10. gr. a – 26. gr. c) er að finna takmarkanir á eignar- og einkarétti höfunda. Þar á meðal er í 1. mgr. 19. gr. kveðið á um takmörkun sem heimilar eftirgerð og dreifingu eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til notkunar fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar, sem ekki er í fjárhagslegum tilgangi. Þessi takmörkun heimilar notkun án endurgjalds en hún tekur ekki til hljóðupptöku, sbr. 2. mgr. 19. gr. Hljóðupptaka af bókmenntaverkum „til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar“er hins vegar heimil gegn sanngjörnum bótum skv. 3. mgr. 19. gr. Þessi heimild var sett með 6. gr. laga nr. 9/2006, um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, en sú grein varð til í meðförum þingsins á frumvarpi til þeirra laga, sbr. breytingartillögu nefndar (222. mál, þskj. 762). Í nefndarálitum um frumvarpið kom fram að með orðalaginu „að lána“ væri átt við að einungis væri átt við útlán eintaka, ekki miðlun hljóðbóka á netinu (222. mál, þskj. 761). Sú framkvæmd hefur hins vegar ekki haldist og núna eru hljóðbækur, framleiddar á grundvelli þessara heimildar, „lánaðar“ með því að veita notandanum aðgang að upplestri á streymi á netinu hjá Hljóðbókasafninu. Í Danmörku hefur sambærilegt ákvæði um heimild til hljóðbókaútgáfu verið túlkað þannig að ekki eigi að gefa út hljóðbók á grundvelli sambærilegs ákvæðis í dönskum höfundalögum ef

þegar er til hljóðbók af sama verki á almennum markaði (sjá umfjöllun í athugasemdum með frumvarpi til breytinga á dönskum höfundalögum, nr. 1140/2004, og í almennum athugasemdum með frumvarpi til breytinga á dönskum höfundalögum vegna innleiðingar Marakess-tilskipunarinnar, nr. 719/2018, kafla 2.2.1 á bls. 10). “

Þá hefur og legið fyrir að samkvæmt núgildandi 19. gr. laga 73/1972 hafa athugasemdir Félags íslenskra bókaútgefenda iðulega verið meðhöndlaðar á þann hátt af hálfu Hljóðbókasafns að ekki verið talið að eintakagerð á grundvelli núgildandi 19. gr. varði hagsmuni útgefenda þar sem vísað sé til höfunda í greininni sem útiloki að útgefendur hafi eitthvað um eintakagerðina og miðlun verkanna að segja enda sé hún heimil án samninga við aðra rétthafa en höfunda. Félag íslenskra bókaútgefenda hefur mótmælt slíkum sjónarmiðum og hefur þá skoðun að við breytingu á lögum nr. 73/1972 á árinu 2005, það er við innleiðingu svokallaðrar „Infosoc“ tilskipunar 2001/20/EB þá hafi ekki verið gætt réttinda útgefenda þegar orðið „höfundur“ kom inn í lagatexta í stað rétthafa og sú takmörkun fari í bága við tilskipunina og þarfnist leiðréttingar þegar reglum 19. gr. verði breytt með þessu frumvarpi enda séu greiðslur vegna notkunar byggðar á bótasjónarmiðum eins og fram komi í greinargerð með frumvarpi. eða eins og segir í inngangi greinargerðar með frumvarpinu 1. mgr.; ...

“Lagt er til að við höfundalögin bætist fimm nýjar greinar, 19. gr. a – 19. gr. e, sem varða gerð eintaka af höfundavörðum verkum á aðgengilegu formi í þágu einstaklinga sem eiga við sjón- eða lestrarhömlun að stríða. Í þeim greinum er að finna skilgreiningar á hugtökum, ákvæði um hverjir geti gert slík eintök og hverjir geti notað þau, ákvæði um bætur til rétthafa og að lokum ákvæði um starfsreglur viðurkenndra eininga sem geta gert eintök á aðgengilegu formi og miðlað þeim til annarra viðurkenndra eininga í ríkjum EES og eftir aðild Íslands að Marakess-sáttmálanum til annarra aðildarríkja hans.”

Þannig liggur fyrir að í inngangi að greinargerð er fjallað um að um bætur til rétthafa sé að ræða en í frumvarpi að nýrri 19. gr. er bótaréttur takmarkaður við höfund.

Ljóst er að hér er um andstæður í frumvarpinu og greinargerð að ræða sem eru ekki samrýmanlegar enda ljóst er að rétthafar eru bæði höfundar og útgefendur þegar verk sem eru háð ákvæðum útgáfusamnings og hafa verið gefin út verða nýtt á grundvelli heimildarinnar. Þá er ljóst að ekki verður um það deilt að útgefandi sem hefur fjárfest í útgáfu verks verður fyrir tjóni þegar eintak af verkinu er gert og er það til hliðar við tjón höfundar af því að fá ekki höfundalaun af eintakinu og tekjumissir útgefanda nærri þreföld fjárhæð höfundalauna af hverju seldu eintaki ef um venjulegan útgáfusamning er að ræða.

Ljóst er að misræmið er augljóst og það er í andstöðu við tilgang ákvæða um bætur í lögnum fyrir notkun og það er í andstöðu við frumvarpið að ákvæði 19. gr. mæli eingöngu fyrir um bætur til höfunda og langlíklegast að þessi takmörkun fari í bága við ákvæði tilskipunar 2001/29/EB og sé því ólögmað samkvæmt reglum EES réttar.

Ljóst er einnig að hið sama misræmi er í allri umfjöllun í 3.3. kafla greinargerðar með frumvarpinu þar sem annarsvegar er talað er um tjón

rétthafa verks og að rétthafar skuli semja um bætur á meðan lög er til breyting á greininni sem takmarkast við bætur til höfundar en ekki rétthafa.

Ef tekið er dæmi um rétt útgefenda til greiðslna/bóta vegna notkunar á verkum sem er sambærileg þessari að nokkru leyti, þá er nærtækast að líta til aðildar að Fjölís þar sem enginn ágreiningur er um stöðu útgefenda þegar kemur að hlutdeild í greiðslum fyrir eintakagerð af útgefnum verkum sem til dæmis fer fram í skólum á Íslandi á grundvelli samnings Mennta - og menningarmálaráðurneytisins og Fjölís. Í þessu ljósi er í besta falli torskiljanlegt að ákvæði 19. gr. takmarkist við hugtakið „höfundur“.

Í áður tilvísuðu bréfi Heiðars Inga Svanssonar kom meðal annars eftirfarandi fram;

... „ Nauðsynlegt er að tryggja að einstaklingar sem eru prentleturs hamlaðir og geta ekki nýtt sér prentað mál til lesturs hafi aðgang að útgefnum verkum. Á sama hátt er afar mikilvægt að framkvæmd og verkferlar sem byggja á lögnum séu skýrir, gagnsæir og gerðir í sátt við alla rétthafa. Grundvallaratriðið er að verið er að veita skilgreindum hópi fólks ókeypis aðgang að höfundavörðu efni. Undanþágan sem lögfest er í þessum tilgangi má ekki hafa truflandi eða íþyngjandi áhrif á almenna markaðinn sem rétthafar byggja afkomu sína á. Undanfarin ár hefur fyrirferð Hljóðbókasafns Íslands á útlánum hljóðbóka á íslenskum örmarkaði verið það mikil að það hefur haft veruleg áhrif á markaðinn.

Á undanförunum árum hefur orðin gjör breyting í útgáfu og aðgengi að hljóðbókum á almennum markaði. Á þessu ári verða gefnar á fjórða hundruð íslenskir titlar fyrir almennan markað en þeir voru áður þegar best lét um fjórtíu. Endurskoða þarf allt regluverk um safnið og starfsemi þess þannig að safnið sinni helst þeim markaði sem almenni markaðurinn gerir ekki, svo sem útgáfu sérhæfðra námsbóka. Í stað þess að verja miklum fjármunum í að lesa bækur sem jafnframt eru gefnar út af almenna markaðnum er eðlilegt að skoðað verði að bjóða út þjónustu í starfsemi safnsins og semja að undangengnu útboði við þær þjónustuveitur sem starfa á Íslandi með mikinn fjölda bóka þannig að þær veiti þeim sem rétt eiga á þjónustunni aðgang gegn vægri greiðslu. Hér mætti mögulega spara mikla fjármuni og komast hjá því að sömu bækur séu framleiddar hjá safninu í samkeppni við hinn almenna markað.

Þá leikur að álitni útgefenda vafi á lögmati þess hvornig staðið hefur verið að útlánum og framkvæmd útlánareglna hjá safninu. Svo rammt hefur kveðið að þessu að tiltekinn rétthafi hefur nú stefnt safninu fyrir dómi til að fá viðurkenndan skaðabótarétt vegna starfsemi Hljóðbókasafnsins. Einnig hefur gengið treglega undanfarin ár að fá samtal við forsvarsaðila safnsins til þess að ræða fram athugasemdir útgefenda og ábendingar til úrbóta.“

Jafnframt segir í sama bréfi;

... Af þessum ástæðum telur Félag íslenskra bókaútgefenda afar brýnt að um leið og þessar breytingar á lögnum verði gerðar þá verði á ráðist í gagngera endurskoðun á regluverki vegna Hljóðbókasafnsins og gerðar verðir nauðsynlegar úrbætur á framkvæmd útlána hjá Hljóðbókasafninu í samvinnu og sátt við rétthafa.

Þau atriði sem Félag íslenskra bókaútgefenda vill minna á í þessu sambandi eru helst þessi:

1. Mikilvægt er að aðgangur þeirra sem eiga rétt á að nýta Hljóðbókasafnið samkvæmt reglum safnsins og samkvæmt Marakech samkomulaginu verði eingöngu bundinn við viðkomandi einstakling. Þannig eiga útlánareglur að takmarka t.d. aðgang barna að fullorðins bókmenntum og svo framvegis. Átta ára barn á engan rétt til að hafa aðgang að öllum bókum spennusögum sem skrifaðar eru fyrir fullorðna. Þá þarf að fara ofan í saumana hverjir geta

veitt aðgang (vottorð) að safninu. Þær heimildir eru mögulega of rúmar í dag þar sem hverskyns fagaðilar, en ekki aðeins læknar, geta veitt slík vottorð.

2. Tryggja þarf rétthöfum tímabil, (e. Freezone) frá útgáfu bókar á pappír þar til að safnið gefur hana út sem hljóðbók. Leggjum til hér að þetta sé minnst þrjú mánuðir og helst sex. Rétt er að áréttu að nýjar bækur koma ekki á bókasöfn um leið og þær koma út heldur koma þær hægt inn og í fáum eintökum og fólk bíður eftir eintaki ef þannig hagar til. Um Hjóðbókasafnið gildir annað þar sem allir sem vilja geta fengið bók samtímis og safnið leggur áherslu að á koma með metsölubækur um leið og þær koma út.
3. Ekki er nóg að samræma lög in við hin Norðurlöndin heldur líka önnur atriði eins og t.d. skilgreininguna á því hvaða aðilar teljast til rétthafa.
4. Ef að hljóðbækur eru þegar til á almennum markaði, eða til stendur að gefa þær út á næstu 30 til 90 dögum fyrir almennan markað þá láti safnið ekki lesa þær bækur og gefi út, heldur kaupi þær bækur af viðkomandi útgefanda í staðinn fyrir að framleiða eigin útgáfu af sama verki. Með því má koma í veg fyrir sóun fjármuna safnsins í verkefni sem eru í raun og veru óþörf.
5. Gæta þarf að sæmdarrétti rétthafa til dæmis varðandi það hver les bækurnar inn og ávallt skal bjóða höfundu sjálfum fyrst að lesa eða samþykkja þann sem les áður en aðrir eru fengnir til þess. Hér getur það skipt höfund miklu máli hvort að kona eða karl les eftir því hverskyns sögumaður eða rödd sögunnar er.
6. Tryggja þarf aðgang rétthafa að upplýsingum um útlán safnsins sem erfitt hefur verið að fá upplýsingar um. Má þar nefna, fjölda útlána verka sem tiltekinn útgefandi hefur gefið út, brotið niður í tímabil, fjölda útlána á sama tíma og svo framvegis. Sérstaklega þarf að vera hægt að fá upplýsingar um stóra lántakendur til að freista að átta sig á hvort um eðlileg útlán sé að ræða miðað við til dæmis aldur viðkomandi.
7. Þarf líka að fara betur yfir útlánareglur safnsins og setja þrengri skilyrði til dæmis að loka sem allra fyrst aðgangi við andlát notanda. Þarf líka að meta hvort réttur stofnast til tiltekins tíma eða ævilangt.
8. Að eingöngu verði lánað út með streymi sem bundið er við einn notanda en ekki CD eða með því að hlaða niður skráum sem auðvelt er að afrita og dreifa.

Í umsögn félagsins núna eru ítrekuð öll þau sjónarmið sem fram koma í bréfi formanns félagsins Heiðars Inga Svanssonar frá 08.11.2019.

Hvað frumvarpið varðar, sem nú er til meðferðar sem mál 136 – 2020/2021 liggur eftirfarandi fyrir í gögnum með frumvarpinu; að það varði innleiðingu á Marrakech sáttmálanum sbr. reglugerð ESB 2017/1564 og tilskipun 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Í tilskipuninni er fjallað um samræmingu lagaramma um höfundarétt og skyld réttindi. Marrakech sáttmálinn fjallar um undanþágu til handa einstaklingum með sjón - eða lestrarhömlun þannig að þeim og viðurkenndum aðilum sé heimilt að gera, með nánar tilgreindum skilyrðum, eintök af höfundaréttarvörðum verkum og þannig að sömu einstaklingar njóti aðgangs að þeim. Í tilskipuninni er einnig mælt fyrir um það með hvaða hætti réttindi rétthafa skerðast með undanþáguni.

Í reglugerð ESB 2017/1564 er sérstaklega tilgreint að hún nái til hljóðbóka og réttinda sem skyld eru höfundarétti, eðli málsins samkvæmt enda þurfi að tryggja jafnræði hvað varðar réttindi rétthafa og notenda og eftir atvikum, að bæta þeim tap sem þeir kunna að verða fyrir í þeim tilvikum sem farið er út fyrir lögbundnar undanþágur. Vegna þess ber ríkjum að mæla fyrir um slíkar bætur þar sem m.a. sé greinarmunur gerður á hliðrænni eftirgerð og stafrænni þar sem hin síðarnefnda, þ.m.t. gerð hljóðbóka sé líklegri til að hafa efnahagsleg áhrif á réttindi rétthafa.

Í tilskipun 2001/29/EB segir ennfrekar að öll samræming höfundaréttar og skyldra réttinda verði að byggjast á víðtækri vernd höfundarréttar þar eð slík réttindi eru afar mikilvæg fyrir sköpun hugverka og af þeim sökum sé hann viðurkenndur sem órjúfanlegur hluti eignarréttar. Þar segir einnig að eigi höfundar og listflytjendur að halda áfram skapandi og listrænu starfi sínu verði þeir að fá viðeigandi þóknun fyrir afnot af verkum sínum og sama máli gegni um framleiðendur til að þeir geti fjármagnað þetta starf. Tilskipunin mælir því fyrir um bætur, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til fleiri rétthafa en bara höfunda eins og ákvæði tilskipunar 2001/29/EB eins og áður hefur verið vikið að.

Í 2. gr. greinargerðar með ofangreindu frumvarpi segir að tilgangur þess sé að samræma skilgreiningar og hugtakanotkun höfundalaga við skilgreiningar og hugtök í tilskipuninni og sáttmálanum til að tryggja samræmdan skilning og einfalda samvinnu og á því byggir innleiðing Marrakech sáttmálinn einnig.

Félag íslenskra bókaútgefenda bendir á að frumvarpið nái ekki því markmiði óbreytt því tilskipunin og reglugerðin mælir í öllum tilvikum fyrir um réttindi rétthafa eins og áður er rakið en þrátt fyrir það og þrátt fyrir umfjöllun í frumvarpinu sjálfu sem áður er vikið að, eru réttindi til greiðslna fyrir undanþáguna, miðað við óbreyttan texta frumvarps einskorðuð við höfunda í frumvarpinu og sem er í reynd endurtekning á mistökum við innleiðingu á tilskipun 2001/29/EB. Með því eru réttindi annarra rétthafa, sem kunna að verða fyrir tjóni eða skerðingu réttinda sinna vegna lögmæltra undanþága, fyrir borð borin áfram eins og verið hefur undanfarin ár og við það er ekki hægt að una. Til að skapa sanngjarnan grundvöll fyrir hagsmuni allra rétthafa þarf að breyta 19. gr. d í meðferð nefndarinnar þannig að í stað þessi að hún hljóði svona;

19. gr. d. 1. mgr. Ef viðurkennd eining með staðfestu á Íslandi nýtir heimild 2. mgr. 19. gr. c skal höfundur eiga kröfu til bóta utan tilvika sem nefnd eru í 2. mgr. Ef tjón höfundar er óverulegt stofnast ekki bótaréttur.

Þá hljóði hún svona;

19. gr. d. 1. mgr. Ef viðurkennd eining með staðfestu á Íslandi nýtir heimild 2. mgr. 19. gr. c skal rétthafi eiga kröfu til bóta utan tilvika sem nefnd eru í 2. mgr. Ef tjón rétthafa er óverulegt stofnast ekki bótaréttur.

Þá liggur og fyrir að ágreiningur sá sem hefur skapast undanfarin ár vegna eintakagerðar á grundvelli 19 gr. laga 73/1972 hefur verið vegna

eintakagerðar Hljóðbókasafnsins í samkeppni við verk á almennum markaði. Þannig hefur legið fyrir að þrátt fyrir að útgefandi gefi út hljóðbók samhliða útgáfu prentaðs eintaks þá er hljóðbókin ekki keypt af útgefenda eða samið um notkun og miðlun hennar. Frekar er farin sú leið að Hljóðbókasafnið lætur lesa vinsælar bækur eins fljótt og verða má og gerir þær aðgengilegar í ótilteknum eintakafjölda nánast á útgáfu degi. Ljóst er að slíkt er ósanngjarnt og óþarfi þegar verkið er aðgengilegt á markaði eða í hljóðbókaveitu eins og teknar eru til starfa á Íslandi.

Fyrir liggur að í umfjöllun í frumvarpi um meginefni Marrakech sáttmálans ákvæði 2.2 í 3. mgr. segir meðal annars;

.. Aðilum sáttmálans er skylt, sbr. 4. gr. sáttmálans, að setja takmarkanir eða undantekningar á einkarétti höfunda til eintakagerðar og miðlunar verka sinna til að greiða fyrir aðgengi rétthafa þjónustu. Slíkar takmarkanir eða undantekningar skulu eingöngu gilda gagnvart verkum sem rétthafar eða viðurkennd eining hefur löglegan aðgang að. Aðilum sáttmálans er heimilt að einskorða slíkar takmarkanir eða undantekningar við verk sem ekki er hægt að útvega rétthöfum þjónustu á eðlilegum kjörum á markaði. Einnig er aðilum sáttmálans í sjálfsvald sett hvort þóknun skuli greidd til rétthafa vegna takmarkana og undantekninga frá einkarétti þeirra.

Fyrir liggur að í lagafrumvarpi því sem hér er til meðferðar eru engin viðskiptaleg sjónarmið látin ráða för þegar kemur að mögulegri eintakagerð á grundvelli 19. gr. frumvarpsins.

Ljóst er að sanngjarnara væri gagnvart rétthöfum að innleiddar verði í lögin takmarkanir sem taka eðlilegt mið af hagsmunum rétthafa og framboði verka á Íslandi enda má ná markmiðum og skyldum samningsins með lagatexta og löggjöf sem tekur mið af þeirri staðreynd að verulegt framboð er nú þegar að útgefnu efni sem engin ástæða er að verði endurgert á grundvelli heimildarinnar og eða gert aðgengilegt á grundvelli hennar.

Hvað sanngjarnar takmarkanir varðar er nærtækast að vísa til erindis Heiðars Inga Svanssonar í bréfi dags 08.11.2019 sem vikið er að hér að ofan og þeirra átta atriða sem þar eru rakin sem myndu leiða til þess í senn, að fjármagni sem veitt verður vegna heimildarinnar verði ráðstafað til að gera eintök af verkum sem ekki eru aðgengileg frekar en verkum sem rétthafar hafa gert aðgengileg á markaði.

Ljóst er einnig að sanngjarnar reglur skipta öllu máli þegar fyrir liggur að notendur Hljóðbókasafns eru um 25.000 og þar af 12.000 virkir og þá sérstaklega í ljósi að nái heildarsala útgefins verk 2000 til 3000 eintökum þá telst það gott. Keppi Hljóðbókasafnið eða önnur viðurkennd eining við útgefendur með framboði sínu á hljóðbók nánast á útgáfudegi hennar mun markaður með útgáfu hljóðbóka ekki njóta sanngirni í samkeppni við starfsemi safnsins.

Verði ekki gerðar takmarkandi breytingar á 19. gr. höfundalaga frá frumvarpinu munu heimildir samkvæmt 19. gr. ganga of langt og standast þá ekki lengur svokallaða þriggja þrepa reglu höfundaréttar. Þá ekki lengur verði að beita undantekningu eða takmörkun frá höfundarétti í undantekningatilviki. Þá er útgáfa verka, af hálfu Hljóðbókasafns eða viðurkenndrar einingar, sem

Þegar eru fánleg eða aðgengileg á markaði að stríða gegn eðlilegri hagnýtingu verks og skerðir þar af leiðandi með ósanngjörnum hætti hagsmunum réttshafa.


Ljóst er því að takmarka þarf ákvæði greinarinnar með breytingu á 19. gr. eins og hún er í frumvarpinu. Ef koma á í veg fyrir skort á efni eins og markmið Menntamálaráðuneytisins eru með lagafrumvarpinu þá verður það gert með því að beina kröftum Hljóðbókasafns og viðurkenndra eininga í útgáfu verka sem eru ekki aðgengileg á markaði og fyrir liggur að slíkt, það er að takmarka samkeppni sömu aðila við útgáfu þegar útgefinna verka á markaði samræmist ákvæði 4. gr. Marrakech sáttmálans eins og áður er farið yfir.

Jafnframt er það augljóst að sé Hljóðbókasafnið eða viðurkenndri einingu veitt heimild til að starfa með samærilegum hætti og verið hefur undanfarin ár og í reynd að bætt verði í þær heimildir, þá er mat á áhrifum frumvarpsins af hálfu Mennta – og menningarmálaráðuneytis illskiljanleg.

Augljóst er að haldi Hljóðbókasafnið eða önnur viðurkennd eining áfram að búa til hljóðbækur verka sem þegar hafa verið gefin út á hljóðbók eða gerð aðgengileg sem hljóðbók, þá er sú útgáfa til þess fallinn að hafa stórkostleg áhrif á mögulega starfsemi aðila á markaði. Ljóst er líka að ef safnið veitir áfram hundruðum einstaklinga aðgang að nýju verki sem þegar er aðgengilegt á hljóðbók þá hefur það sömu áhrif.

Mat frumvarpsins á áhrifum á markaðinn er því ekki rétt og þarf að endurskoðast.

Reykjavík, 29.11.2020.
f.h. Félags Íslenskra bókaútgefenda,


Halldór P. Birgisson hrl.

Til allsherjar- og menntamálanefndar



Umsögn frá Félagi sérkennara á Íslandi

Sendandi: Stjórn Félags sérkennara á Íslandi. Fjóla Þorvaldsdóttir, Lilja Guðrún Björnsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Júlíana Vilhjálmsdóttir, Sigrún Huld Auðunsdóttir og Sædís Ósk Harðardóttir

Þingskjal 137 — 136. mál

Frumvarp til laga um um höfundalög (takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón- eða lestrarhömlun)

Félag sérkennara á Íslandi fagnar breytingum á höfundalögum sem verða með innleiðingu Marakessamningsins og Marakess-tilskipunarinnar. Félagið fagnar auknu aðgengi að efni sem gefið er út í öðrum löndum sem tilskipunin felur í sér. Hljóðbókasafnið er mikilvægur þáttur í námi nemenda sem glíma við t.d. dyslexíu eða þurfa fötlunar sinnar vegna að nýta sér hljóðbækur. Einnig er mikilvægt að nemendur hafi aðgang að safninu til þess að auka ánægju sína af lestri bóka.

Félagið vill þó benda á hóp sem þyrfti á þjónustu safnsins að halda en stendur það ekki til boða eins og staðan er, en það er nemendur með annað tungumál en íslensku. Þessi hópur þarf aðgang að safninu fyrst og fremst til að auka orðaforða, efla lesskilning og auka orðaumkóðunarfærni sína á íslensku máli. Þetta er hópur sem gæti fengið tímabundinn aðgang að safninu á meðan nemendur ná tókum á íslensku máli. Hagsmunir þessa hóps eru miklir og myndi skila sér í aukinni færni til langtíma litið.

Virðingarfyllt,

Stjórn Félags sérkennara á Íslandi.

Fjóla Þorvaldsdóttir, Lilja Guðrún Björnsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Júlíana Vilhjálmsdóttir, Sigrún Huld Auðunsdóttir og Sædís Ósk Harðardóttir

Til allsherjar- og menntamálanefndar

Umsögn frá Hljóðbókasafni Íslands

Sendandi: Marín Guðrún Hrafnadóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands

Þingskjal 137 — 136. mál

Frumvarp til laga um um höfundalög (takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón- eða lestrarhömlun)

Hljóðbókasafn Íslands fagnar breytingum á höfundalögum til að uppfylla ákvæði Marakessamningsins og Marakess-tilskipunarinnar. Með breytingunni er stigið mikilvægt skref í þá átt að skilgreina betur og skerpa á hlutverki og skyldum safnsins til samræmis við áþekkar stofnanir hinna Norðurlandanna og reyndar um heim allan. Afnot af eintökum aðildarríkja Marakess-sáttmálans munu hafa mikla þýðingu fyrir lánþega safnsins og er óskandi að breytinganna sé ekki langt að bíða.

Hljóðbókasafnið telur reglur Marakess-sáttmálans og Marakess-tilskipunarinnar mikla réttarbót og bendir m.a. á að 4. mgr. 3. gr. sé afar mikilvæg enda er útgáfa að breytast hratt og nauðsynlegt er fyrir safnið að geta nálgast efni sem t.d. einvörðungu er gefið út á rafrænu formi (rafbók) eða sem hljóðrit, m.ö.o. þar sem útgefinn, prentaður texti liggur ekki til grundvallar.

Hljóðbókasafnið þjónustar afar ólíka hópa og eru sumir viðkvæmir fyrir breytingum, s.s. aldraðir, sjónskertir og blindir. Safnið bendir því góðfúslega á að frekari viðeigandi öryggisráðstafanir, sem kveðið er á um til að koma í veg fyrir misnotkun, megi ekki yfirskyggja mikilvægi aðgengis í takt við reglur Marakess-tilskipunarinnar. Viðkvæmustu hóparnir eiga erfitt með að skipta oft um notendanöfn og lykilorð eða að læra á nýja tækni.

19. gr. a. Í lið d er lagt til að orðalag verði: getur ekki á annan hátt, vegna líkamlegrar fötlunar **eða veikinda**, haldið á bók eða meðhöndlað hana eða náð sjónskerpu eða hreyft augun að því marki að viðunandi sé til að geta lesið.

Rök fyrir breytingunni: Hljóðbókasafnið lánar bækur með tímabundnum aðgangi til veikra einstaklinga, s.s. þeirra sem eru máttfarnir vegna meðferðar og/eða endurhæfingar.

19. gr. e. Í lið b er lagt til að orðalag verði: geri viðeigandi ráðstafanir til þess að vinna gegn óheimilli eftirgerð eintaka á aðgengilegu formi eða því að þeim sé dreift, miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almennings með óheimilum hætti. **Öryggisráðstafanir hamli þó ekki aðgengi til þeirra sem á þurfa að halda.**

Rök fyrir breytingunni: Hljóðbókasafnið bendir á að aldraðir, sjónskertir og blindir eigi margir hverjir erfitt með tæknibreytingar og breytingar á aðgengi að safninu. Eins eru frekari öryggisráðstafanir en nú eru gerðar líklegar til að hafa í för með sér töluvert aukinn kostnað fyrir safnið.

Fyrir hönd Hljóðbókasafns Íslands

Marín Guðrún Hrafnadóttir

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2020

Efni: Umsögn vegna breytinga á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum (takmarkanir á einkarétti höfunda til hagsbóta fyrir einstaklinga með sjón- eða lestrarlömun)

Vísað er til umsagnarbeiðni dags. 15. október 2020, þar sem óskað var eftir umsögnum við breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.

Storytel á Íslandi, kt. 570504-3040 („Storytel“) hefur falið LOGOS lögmannsþjónustu til að koma á framfæri athugasemdum við framangreinda breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.

Storytel gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu. Mikilvægt er að tryggja þeim einstaklingum sem ekki geta nýtt sér prentað mál aðgengi að hljóðbókum og útgefnum verkum þannig að þeir geti notið bókmennta til jafns við aðra. Hinsvegar er að mati Storytel mikilvægt að gætt sé jafnræðis og gagnsæis við framkvæmdina ásamt því að haft sé í huga að Ísland er lítill markaður og að gæta verður að því að hljóðbókaútgáfu á íslensku efni sé ekki stefnt í hættu með fyrirferð hins opinbera á markaðnum.

Ljóst er að útgáfa hljóðbóka hefur tekið gríðarlegum breytingum á örfáum árum hér á landi og erlendis. Markaður fyrir útgáfu hljóðbóka hefur stækkað verulega með tilkomu streymisveitna. Þannig liggur fyrir að staðan hér á landi og erlendis er gjörbreytt með tilliti til fjölda titla sem í boði eru og aðgengi að hljóðbókum á íslensku og ensku. Þannig hefur aðgengi þeirra sem ekki geta lesið prentað mál tekið algjörum stakkaskiptum á síðustu árum. Fyrirséð er að sú þróun haldi áfram og sífellt fleiri titlar gefnir út í hljóðbókaformi. Hefur sá vöxtur verið mikill á síðustu árum.

Að mati Storytel er rétt að nefndarmenn gæti að því að breytingar á höfundalögum skekki ekki samkeppnisstöðu hér á landi eða geri það að verkum að útgefendur sjái ekki hag sinn í því að gefa einnig út hljóðbækur. Þá er einnig rétt að halda til að haga að með því að lesa sérstaklega inn bækur sem nú þegar eru til og aðgengilegar t.d. á streymisveitum er slæm nýting á þeim fjármunum sem veitt er í þessi verkefni. Sama á við um hljóðbækur sem stendur til að gefa út. Rétt kann að vera fyrir nefndina að skoða hvort rétt sé að gera takmarkanir á þessu eða með einhverjum hætti reyna að samnýta þær hljóðbókaútgáfur sem hafa verið gerðar eða stendur til að ráðast í gegn greiðslu til útgefanda.

Þá er því lýst yfir að Storytel er reiðubúið til að mæta á fund nefndarinnar til að gera betur grein fyrir afstöðu sinni og sjónarmiðum. Telur Storytel að það gæti verið gagnlegt fyrir nefndina í vinnu sinni við breytingar á lögnum.

Virðingarfyllt

LOGOS lögmannsþjónusta

Gunnar Sturluson, lögmaður